

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu Iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Seltjarnarness hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, . . . kr. 633,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seltjarnarness skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitustjórn og bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 43, 27. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

GJALDSKRÁRLIÐIR.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	4,22 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 050,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	6,33 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 050,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	3,67 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 050,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,16 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	8 200,00 kr/a

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	20 640,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	3 440,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	1,15 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	4,22 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðu-neytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslu.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald, 15 kW	91 050,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW	6 070,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,34 kr/kWh

B. 2. Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	1 660,00 kr/kW/a
Orkugjald	0,98 kr/kWh

B. 3. Aflmæling- hitun.

Varmadælu og notkun til hitunar í iðnaði o.fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW	72 840,00 kr/a
Aflgjald umfram 15 kW	4 856,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,07 kr/kWh

C. 1. Hitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	1,54 kr/kWh
Fastagjald F3	6 150,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðu-neytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Roftími er allt að 2 × 1,5 klukkustund á dag.

C. 2. Næturhitun.

Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	1,04 kr/kWh
Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur.	
Roftími er allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu kl. 07.00 til 23.00.	

D. 1. Hitun.

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	1,54 kr/kWh
Fastagjald F3	6 150,00 kr/a
Roftími er allt að $2 \times 1\frac{1}{2}$ klukkustund á dag.	

D. 2. Næturhitun.

Til hitunar á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	1,04 kr/kWh
Roftími er allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu kl. 07.00 til 23.00.	

D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl.

Orkugjald	2,16 kr/kWh
Fastagjald F3	6 150,00 kr/a

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Samkvæmt sérsamningi.

Lágmarksaflgjald 75 kW 1. maí — 30. september	23 925,00 kr/mán
Aflgjald 1. maí — 30. september	319,00 kr/kWh/mán
Aflgjald apríl og október	1 220,00 kr/kWh/mán
Orkugjald	0,70 kr/kWh

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Niðurgreiðslur:

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur sem inntar verða af hendi frá 1. apríl 1986 gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 56 000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma, en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 nætúrhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er 450,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og endurofnun veitu vegna vanskila er 900,00 kr.

SKILGREININGUR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskvæmi af hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsværsmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15. mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafla á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuduspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjöldum B.3.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. Rafmangsgjald.

Aflgjald	4 010,20 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst.	
nýtingartíma á árskW	127,7 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	74,4 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	35,0 aurar á kWh

3. Málspenna.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálágstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalálág á afhendingarstað.

5. Ársnýting.

Ársnýting, árstími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW sem greiða skal fyrir.

6. Ákvörðun aflagjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun vera minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afl.

7. Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundradshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda ársgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma. Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

- 1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.2 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.
- 1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A einfasa	32 500,00 kr.
63 A þrífasa	35 900,00 kr.
100 A þrífasa	55 400,00 kr.
200 A þrífasa	133 000,00 kr.
315 A þrífasa	211 000,00 kr.
400 A þrífasa	290 000,00 kr.
710 A þrífasa	518 000,00 kr.
1200 A þrífasa	874 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

- 1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
63 A einfasa	6 130,00 kr.	825,00 kr/m	11 400,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	8 630,00 kr.	825,00 kr/m	13 300,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	9 375,00 kr.	1 025,00 kr/m	15 300,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínu-staur greiðist kr. 7 810,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt — er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.
- 1.9 Breyting á heimtaug.
Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.
Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.
- 2.0 Frávik.
Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

- 1.1 Hver sá, sem óskar að fá heimtaug frá Rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
- 1.2 Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt verðskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni. Fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o.þ.h. skal grunnjald vera kr. 55 400,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.
Framangreint grunnjald kr. 55 400,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 250 stig og að Orkusjóður greiði það sem á vantar í heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
- 1.3 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Ef lögð er veita, þar sem línulögn þarf til og/eða, heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.2, skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 118, 24. febrúar 1986, með gildistöku 1. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

20. mars 1986

Nr. 208

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Almennir taxtar.

A.1 Almenn notkun:	
Fast gjald	1 280,00 kr/ár
Orkugjald	3,30 kr/kWh
A.2 Mannvirkjagerð:	
Fast gjald	2 560,00 kr/ár
Orkugjald	4,95 kr/kWh

Afltaxtar.

B.1 Aflmæling:	
Fast gjald	21 900,00 kr/ár
Aflgjald	4 160,00 kr/kW/ár
Orkugjald	0,83 kr/kWh
B.2 Úti- og götulýsing	16 100,00 kr/kWh/ár

Hitunartaxtar.

C.1 Órofin hitun:	
Fast gjald	4 380,00 kr/ár
Orkugjald	2,39 kr/kWh
C.2 Daghitun, rofin:	
Fast gjald	2 930,00 kr/ár
Orkugjald	1,02 kr/kWh
C.3 Næturhitun:	
Fast gjald	2 930,00 kr/ár
Orkugjald	0,53 kr/kWh

Sumartaxti.

S.1 Aflmæling:	
Lágmarksgjald maí — september	23 900,00 kr/mán
Aflgjald, maí — september	319,00 kr/kW/mán
Aflgjald, apríl og október	1 220,00 kr/kW/mán
Orkugjald	0,70 kr/kWh